

**Nd.**

**386. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (þgskj. 165).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir að geyma þrjár breytingar á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913.

1. Í 1. málsg. 1. gr. laga nr. 49 1913 er bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitt heimild til að taka eignarnámi lóð og mannvirki *»undir hafnarbryggju og byggingar og svæði i sambandi við bryggjuna«*. Í frv. er farið fram á eignarnámsheimild á lóð og mannvirkjum *»undir hafnarbætur, hafnarkvi og hafnarbryggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á i sambandi við hafnarbæturnar«*.

2. Í 2. málsg. 1. gr. laga nr. 49 1913 eru undanþegnar eignarnáms-

heimild hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugæymsluhús við þær bryggjur, nema ný lagaheimild komi til. Þetta ákvæði fellur burt ef frumvarp þetta verður að lögum. Þessi mannvirki má þá taka lögnámi sem önnur, samkv. 1. gr. frv.

3. Í 3. gr. laga nr. 49 1913 segir svo, að þau lög komi þá fyrst til framkvæmda, er trygt hafi verið nægilegt fje til hafnarbryggjugarðar. Samkv. 2. gr. frv. á þetta ákvæði að falla niður, svo að eignarnám megi fram fara án þessa skilyrðis.

Nefndin telur þessar breytingar á lögum nr. 49 1913 rjettmætar og leggur því til, að háttv. deild samþykki frv.

Alþingi, 9. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,  
form. og framsögum.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Pjetur Ottesen. Einar Árnason. Einar Jónsson.